

FUNDARGERÐ - Stjórnarfundur ÍBA

4. júní 2018, kl. 16.30 í Íþróttahöllinni.



Mættir: Helgi Bragason, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Erlingur Kristjánsson, Inga Stella Pétursdóttir

Boðuð forföll: Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Ármann Ketilsson, Ómar Kristinsson, Hörður Sigurharðarson.

Dagskrá:

- 1. FIMAK málslok.** Til kynningar.
- 2. Nefndarskipanir:**
 - a. Siðareglunefnd
 - b. Aðgerðaráætlunarnefnd v/íþr.stefnu. 8 tilnefningar hafa borist allt karlar. Ákveðið að auglýsa eftir tilnefningum frá konum til að jafna kynjahlutfall nefndarinnar.
- 3. Íþr.hús Laugargötu - Hnefaleikafélag Akureyrar og Júðódeild KA.** Stjórninn sammælist um að þörf sé á að útvega Hnefaleikunum aðstöðu sem gæti samnýst t.d. SKA og Óðni í þreki í norðursal Laugargötu og sé meiri að svo stöddu heldur en að auka við aðstöðu Júðódeildarinnar í þeim sal. Eins leggur stjórnin til að úrbætur verði gerðar vegna búninga- og sturtuáðstöðu Laugargötu svo bæði kyn geti óhindrað notað þá aðstöðu fyrir og eftir æfingar.
- 4. International Children's Winter Games 2019.** Akureyrabær hefur ákveðið að taka þátt og því lagt til að ÍBA styðji það verkefni. Haldið 6.-11. Janúar í USA og Helgi framkvæmdastjóri ÍBA sér um skráningar þátttakenda.
- 5. Sameiningar möguleiki á íþróttafélögum Akur og Eik.** Óska eftir fundi með formönnum Akurs og Eik fyrir sumarfrí og kanna stöðuna.
- 6. Bréf/tölvupóstur sem hafa borist:**
 - a. Tímar fyrir KFA á Þórssvæði sumar 2018. Helgi hringdi í Valda til að fá upplýsingar um hvernig samkomulag er milli Þór og UFA. Beðið eftir afriti af samkomulagi milli Þórs og UFA.
 - b. Skautafélag Akureyrar, framkvæmdir í Skautahöllinni. Óska eftir fundi með ÍBA. Helgi bókar fund með Skautafélaginu sem Geir situr með honum.
- 7. Önnur mál.**
 - a. Rekstrarstyrkur ÍBA. Erindi frá Nökkva vegna útreikninga á styrkjum til félaga ÍBA. Nökkvi er búinn er að uppfæra skýrslu um félagsmenn og iðkendafjölda til ÍSÍ og því var ákveðið að endurreikna styrkinn til Nökkva skv. þeim upplýsingum.

Fundi slitið kl. 18:45, ritari Inga Stella.